



Starfskjarastefna Landsvirkjunar

Tilgangur

Starfskjarastefna Landsvirkjunar er sett samkvæmt 4. gr. í starfsreglum stjórnar dagsettum þann 18.04.2016 og eigendastefnu ríkisins.

Það er stefna og markmið Landsvirkjunar að laða að og hafa ávallt á að skipa hæfu starfsfólki og stjórnendum, sem styðja við hlutverk og stefnu fyrirtækisins. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að bjóða hófleg en samkeppnishæf laun við það sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum á markaði.

Starfskjarastefnu er ætlað að stuðla að öruggri sókn að markmiðum fyrirtækisins með stöðugleika og jafnrétti að leiðarljósi.

Starfskjarastefna tekur til helstu atriða í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna fyrirtækisins og er ætlað að vera leiðbeinandi.

Stjórn fyrirtækisins skipar starfskjaranefnd.

Starfsmenn

Starfsfólk Landsvirkjunar skal njóta samkeppnishæfra starfskjara sem endurspeglar frammistöðu í starfi. Greidd skulu sambærileg laun fyrir sambærilega vinnu óháð kyni.

Framkvæmdastjórar og æðstu stjórnendur

Forstjóri, í samráði við stjórnarformann, ræður framkvæmdastjóra einstakra sviða fyrirtækisins og æðstu stjórnendur, ákvarðar laun þeirra og endurskoðar reglulega með tilliti til starfskjarastefnu og aðstæðna á vinnumarkaði.

Forstjóri

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við forstjóra. Grunnlaun og aðrar greiðslur til forstjóra skulu ávallt vera samkeppnishæf á markaði og taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfans.

Önnur starfskjör skulu vera með sama hætti og hjá sambærilegum fyrirtækjum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi, uppsagnarfrestur og önnur kjör.

Starfskjaranefnd skal árlega yfirfara grunnlaun forstjóra. Ef ástæða er til skal nefndin gera tillögu til stjórnar um breytingu og skal þá hafa hliðsjón af frammistöðu forstjóra og þróun launakjara almennt í sambærilegum fyrirtækjum.

Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Heimilt er þó við sérstök skilyrði að mati stjórnar að gera sérstakan starfslokasamning við forstjóra.



(Ákvæði til bráðabirgða I: Með lögum nr. 87/2009 var gerð breyting á lögum um kjararáð nr. 47/2006 og lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 í þá veru að kjararáð skuli ákvarða laun forstjóra Landsvirkjunar. Þar til að umrætt lagaákvæði hefur verið fellt brott gilda úrskurðir kjararáðs um laun og önnur starfskjör forstjóra.)

Viðbótargreiðslur

Heimilt er að greiða forstjóra, stjórnendum og starfsmönnum árangurstengdar viðbótargreiðslur og skulu þær miðast við frammistöðu viðkomandi starfsmanns, mikilvæga áfanga í rekstri og starfsemi fyrirtækisins. Slík breytileg laun skulu vera í eðlilegu hlutfalli við föst laun viðkomandi og ekki hærri en sem nemur einum mánaðarlaunum á ári.

Stjórn

Þóknun stjórnarmanna er ákveðin á aðalfundi ár hvert eins og kveðið er á um í lögum um Landsvirkjun. Starfskjaranefnd gerir tillögu um þóknun stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir líðandi kjörtímabil, sem lögð skal fyrir aðalfund, og skal í þeim efnum taka mið af þeirri ábyrgð sem á stjórnar- og nefndarmönnum hvílir og þeim tíma sem varið er til starfans.

Upplýsingagjöf

Starfskjarastefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu fyrirtækisins.

Samþykkt starfskjarastefnu

Starfskjaranefnd skal hafa eftirlit með að starfskjarastefnu sé framfylgt.

Starfskjaranefnd skal árlega yfirfara starfskjarastefnu og gera tillögur að breytingum ef ástæða þykir til.


Starfskjarastefna skal samþykkt af stjórn Landsvirkjunar.

Í skýrslu stjórnar um starfsemi Landsvirkjunar síðastliðið starfsár sem lögð er fram á aðalfundi Landsvirkjunar skal koma fram umfjöllun um samþykktu starfskjarastefnu og mögulegar breytingar á henni.

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu Landsvirkjunar.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi Landsvirkjunar 22. september 2016.


Jónas Þór Guðmundsson


Helgi Jóhannesson


Jón Björn Hákonarson


Þórunn Sveinbjarnardóttir


Álfheiður Ingadóttir